

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulaginu Arnarnesland – Akrrar sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 5. nóvember 1992. Breytingarnar teljast óverulegar sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varða eftirtaldar lóðir:

Rúgakur 1 og 3.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir lyftu- og stigahús auk stækkunar á útbyggingarreit. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 12. apríl 2007 og tekur hér með gildi.

Sandakur 2 til 24.

Breytingin felst í aukinni nýtingu útbyggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 12. apríl 2007 og tekur hér með gildi.

Árakur 7 til 33.

Breytingin felst í aukinni nýtingu útbyggingarreits og samræmingu á götulínu. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 17. ágúst 2006 og tekur hér með gildi.

Árakur 2 til 30.

Breytingin felst í aukinni nýtingu útbyggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 5. október 2006 og tekur hér með gildi.

Maltakur 7 og 9.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir lyftu- og stigahús og aukinni nýtingu á útbyggingarreit. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 12. apríl 2007 og tekur hér með gildi.

Seinakur 1, 3 og 5.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir lyftu- og stigahús og aukinni nýtingu á útbyggingarreit. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 12. apríl 2007 og tekur hér með gildi.

Garðabæ, 8. maí 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2007